GREINARGERÐ UM INNRA MAT

Niðurstaða innra mats (styrkleikar og tækifæri)

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur frá 1. – 10. bekk og eru nemendur um 500 talsins.
Fagmennskuteymi skólans heldur utan um innra mat. Í fagmennskuteymi sitja þrír stjórnendur og þrír kennarar sem koma af yngsta, mið og unglingastigi skólans.
Fagmennskuteymi fundar mánaðarlega. Innra mat byggir á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar, áherslum menntastefnu Reykjavíkur og leiðsagnarnámi. Gögn sem notuð eru í matinu eru m.a. viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsfólks, starfsþróunarsamtöl, tengslakannanir meðal nemenda, niðurstöður námsmats í læsi (Lesfimi, Lesskimun í 1. bekk, Lesmál 2. bekkur) og framvinduprófum MMS (stærðfræði og lesskilningur), vettvangsathuganir í kennslustundum og daglegar skráningar.
Matsáætlanir eru hluti af skólanámskrá og starfsáætlun.

Helstu niðurstöður innra mats

Styrkleikar skólans:

- Sterkt umhverfi sem styður við vellíðan og farsæld nemenda.
- Jákvæður skólabragur.
- Góð stjórnun.
- Stöðugleiki í skólastarfi.

Áhersluþættir til umbóta

- Bæta upplýsingagjöf um:
  - Skipulag náms og kennslu.
  - Námsárangur og framfarir nemenda.
- Efla samræmt skipulag náms og kennslu.
- Efla sjálfseflingu nemenda.
- Styrkja tengsl við foreldra og aðra aðila skólasamfélagsins.

- **Áætlun skólaárið 2026–2027**
  - Bæta gæði kennslu.
  - Samræma vinnulag við skipulagningu náms og kennslu.
  - Gera markmið náms og kennslu sýnilegri.
  - Gera upplýsingar um námsárangur og framfarir sýnilegri.
- **Gagnaöflun og eftirfylgni**
  - Viðhorfskannanir.
  - Námsmat.
  - Innlit í kennslustundir.
  - Niðurstöður gagna nýttar til að meta árangur og stýra áframhaldandi umbótum.

Styrkleikar og tækifæri

Niðurstöður mats og kannana

- **Námsárangur**

Niðurstöður matsferla oft yfir landsmeðaltali í grunnfögum s.s. lesfimi, lesskilningi og stærðfræði. Skólinn stendur almennt vel miðað við meðaltalshóp.

Áhersla á að efla kennslu og stuðning við nemendur sem ná ekki viðmiðum í lesfimi og lesskilningi sérstaklega á eftir stigum

- **Niðurstöður foreldrakönnunar**
  - Foreldrar meta líðan og velferð barna sinna í Ölduselsskóla almennt mjög jákvætt.
  - Sérstakir styrkleikar:
  - Góð samskipti við starfsfólk.
  - Öryggi nemenda.
  - Traust til stuðnings sem börnin fá.

- **Áherslur til áframhaldandi þróunar**
    - Viðhalda sterku umhverfi sem styður við vellíðan og farsæld nemenda.
    - Efla jákvæðan skólabrag áfram.
    - Styrkja upplifun nemenda af:
        - Vellíðan.
        - Öryggi.
        - Sanngirni í skólastarfinu.